

**Nd.**

## **45. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi land vestan og sunnan Ingólfsfjalls í Ölfusi til að reisa á nýbýli.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Pálmi Hannesson,  
Helgi Jónasson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á landi vestan og sunnan Ingólfsfjalls til að reisa þar á nýbýli. Land skal tekið eftir því, sem nýbýlastjórn ríkisins telur með þurfa til að þar risi samvinnubýggð með tímanum. Þó skal sjá svo til, að jarðir þær, sem þarna eiga lönd nú, séu eigi skertar svo, að á þeim verði ekki rekinn lífvænlegur búrekstur vegna landskorts.

### **2. gr.**

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt fyrirmælum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

### **Greinargerð.**

Land það, sem hér um ræðir, er að flestra dómi mjög vel fallið til ræktunar, bæði vegna legu sinnar og annara staðhátta. Auk þess liggur það svo nærri Reykjavík, að auðvelt ætti að vera að nota þar atvinnubótavinnu til undirbúnings ræktunarinnar og við að koma býlum þar upp. Í nýbýlalögnum er gert ráð fyrir, að reistar verði samvinnubýggðir, þar sem staðhættir eru góðir til þess. Virðist land það, sem hér um ræðir, hafa flesta slíka kosti til að bera, og má vænta þess, að menn fýsi að setjast þar að, eins og land þetta er í sveit sett. Munu margir, sem farið hafa um þjóðveginn þarna, hafa haft orð á því, að óvíða væri jafngirnilega landspildu að sjá af óræktuðu landi til að nema með ræktun og nýjum bændabýlum.

Hinsvegjar er það sjálfsagt, að taka tillit til landsparfa býla þeirra, sem þarna eru fyrir, eftir því sem unnt er, án þess að tjón yrði að fyrir hina nýju byggð, sem þarna yrði reist.